



# FÉLA2AF05

Fjölbrautaskóli Suðurlands **Einstaklingur og samfélag** Vorönn 2022

<b>Kennari:</b>	<b>Eyrún B. Magnúsdóttir og Helgi Hermannsson</b>	<b>Sk.st</b>	<b>EBM HH</b>
-----------------	---	--------------	---------------

## Áfangalýsing:

Félagsfræðiáfangi sem byggir á fyrri námi nemenda í grunnskóla og einnig nýttist FÉLA1SA05 í FSu. Lögð er áhersla á að kynna nemendum félagsfræði og önnur félagsvísindi sem fræðigreinar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á þá og hvernig þeir geta haft áhrif á samfélagið. Lögð er áhersla á að nemendur skilji umhverfi sitt og verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu og mynda sér skoðun á meðvitaðan og gagnrýninn hátt.

**Undanfari:** Enginn

## Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnar sem tengjast námsefninu, t.d. kenningum og félagsfræðilegu sjónarhorni.
- helstu aðferðum félagsfræðinnar við rannsóknir.
- tengdum greinum eins og mannfræði, sálfræði, sagnfræði, þjóðfélagsfræði og stjórnmálafræði.
- þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans, til dæmis: fjölskyldan, trúarbrögð, efnahagskerfið, stjórnkerfi, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar.
- hvernig hann getur haft áhrif á félagslegar stofnanir.
- hvað félagsmótun er og dæmi um hvernig hún virkar.
- réttindum og skyldum hans gagnvart samfélaginu.
- hugtakinu félagsleg sjálfbærni.

## Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt.
- afla fjölbreyttra gagna.
- vina með gögn og skila frá sér á skýrslum og verkefnum á vel uppsettu formi, t.d. í Word.
- vinna sjálfstætt og gagnrýnið með efni áfangans.
- lesa og skilja umfjöllun um félagsfræðileg málefni.
- nýta samfélagsmiðla á ábyrgan hátt.
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra.
- geta tjá sig í ræðu og riti um samfélagsleg málefni.

## Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun.
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær.
- nota „Netið“ til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni.
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál.
- geta sett sig í spor annarra.
- beita félagsfræðilegri sýn á samfélagið.
- vinna verkefni í Word og skila af sér með rétt uppsettum hætti, þ.e. með blaðsíðutali, efnisyfirliti og heimildaskrá.



# FÉLA2AF05

**Námsefni:** *Félagsfræði – Ég, við og hin eftir Hrafnkel Tuma Kolbeinsson* [Félagsfræði - Ég við og hin - Vefbækur \(vefbok.is\)](#) Leiðbeiningar til að kaupa bókina: <https://youtu.be/DicEvgZFRxl>

**Dæmi um áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vika nr.	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	5. - 7. jan	Kynning á áfanganum – skipulag.	
2-4	10. – 28. jan	Upphaf og rannsóknaraðferðir kafla 1	Kaflaverkefni 5% Skoðanakönnun 10%
5-6	31.jan – 4.feb	Menning og trúarbrögð kaflar 2 og 14	Verkefni 10 %
7	7 – 11. feb	Félagsmótun kafla 3 og 15 samfélagsmiðlar	Verkefni. 6%
8-9	14. – 25. feb	Kaflar 4, 5 og 13	Verkefni. 10%
10	28. feb – 11. mars	Kaflar 6 og 7	Verkefni 6%
11	14. – 18. mars	Kaflar 8 og 9	Verkefni 6%
12	21. – 26. mars	Yfirlit 10%	Yfirlit 10%
13	28. mars – 1. apríl	Kaflar 10 og 11	Verkefni. 6%
14	4. – 8. apríl	Lagskipting kafla 12	Verkefni 6%
15	10. – 19. apríl	Páskafri	
16 - 17	20. – 29.apr	Kaflar 16 og 17	Verkefni 15%
18	1. – 6. maí	upprifjun á efni.	Yfirlit 10 %

## Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 90% skilaskyldu verkefna. Þeir sem skila ekki 90% fá aldrei meira en 4 í einkunn.

Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans.

Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, eingöngu til náms, í samráði við kennara.

## Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	Einstaklings/hópverkefni .	80 %
Yfirlit	Skoðum nánar í hverju það felst þegar kemur inn á önnina	20 %

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Eyrún B. Magnúsdóttir: [eyrun@fsu.is](mailto:eyrun@fsu.is)

Helgi Hermannsson [hmm@fsu.is](mailto:hmm@fsu.is)